



Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti  
Borgartúni 26  
105 Reykjavík  
sent á samráðsgátt

Reykjavík, 15. mars 2024

### Efni: Endurmat á virkjunarkostum úr 3. áfanga rammaáætlunar – tillögur verkefnastjórnar

Samtök atvinnulífsins („SA“), Samtök iðnaðarins („SI“) og Samorka („samtökin“) hafa tekið til umsagnar endurmat á virkjunarkostum úr 3. áfanga rammaáætlunar – tillögur verkefnastjórnar, mál nr. S-265/2023, sem birt var á samráðsgátt stjórnvalda 22. febrúar 2024. Við afgreiðslu á 3. áfanga rammaáætlunar gerði Alþingi breytingar á tillögu um röðun nokkurra virkjunarkosta, sem fólust í því að virkjunarkostirnir Héraðsvötn og Kjalalda voru færð úr verndarflokki í biðflokk og Holtavirkjun, Urriðafossvirkjun og Skrokkölduvirkjun voru færð úr nýtingarflokki í biðflokk, og óskaði eftir að tiltekin atriði í mati verkefnisstjórnar væru skoðuð nánar. Verkefnisstjórn fór yfir tilmæli Alþingis og lagði fram drög að tillögum til ráðherra um flokkun virkjunarkosta. Fyrra umsagnarferlinu um drög að tillögum lauk 18. desember 2023 og hinu síðara lýkur 15. mars 2024. Samtökin fagna og styðja tillögu verkefnastjórnarinnar þess efnis að leggja til staðfestingu þriggja hagkvæmra virkjunarkosta í nýtingarflokk áætlunarinnar.

Fólksfjöldgun, ný atvinnustarfsemi og orkuskipti krefjast aukinnar grænnar orkuframleiðslu hér á landi. Í nýlegri raforkuspá Landsnets kemur fram að þörf sé á nýrri nálgun í orkumálum þar sem raforkumarkaðurinn muni tvöfaldast við full orkuskipti árið 2050 og að núverandi áform um nýjar vatnsafls- og jarðvarmavirkjanir og stækkanir núverandi virkjana dugi ekki ein og sér fyrir orkuskiptum. Nauðsynlegt verði að nota nýja endurnýjanlega orkugjafa á borð við vindorku svo unnt verði að hringa orkuskiptum í framkvæmd. Í umsögn Landsvirkjunar vegna áforma um frumvarp til laga um vindorku (máls nr. 251/2023) kemur jafnframt fram að raforkukerfið sé þegar fullsett og raforkuöryggi ógnað. Þetta hafa SI og Samorka jafnframt bent á síðustu misseri.

Samtökin hafa lýst yfir þungum áhyggjum af stöðu raforkumála hér á landi og hafa ítrekað komið á framfæri ábendingum þess efnis að allt stefni í raforkuskort með neikvæðum afleiðingum fyrir samfélagið allt, sbr. t.a.m. umsagnir samtakanna um frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum (raforkuöryggi o.fl.), 348. mál og umsagna samtakanna um frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum (forgagnsraforka), 541. mál. Raforkuöryggi og tryggt framboð raforku eru grundvallarþættir í þjóðaröryggi Íslands og nauðsynleg forsenda fjölbreyttrar atvinnustarfsemi og jákvæðrar byggðapróunar. Aðgengi að raforku er ein af grunnforsendum verðmætasköpunar í samfélaginu og lykilforsenda þess að samfélagið geti starfað, vaxið og dafnað. Skipulag raforkumála og tryggt raforkuframboð er þannig ein af mikilvægustu stöðum samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs.



SAMORKA

Í því samhengi er mikilvægt að hafa í huga að flokkun virkjunarkosts í orkunýtingarflokk er engin trygging fyrir því að af umræddri orkuvinnslu verði. Eftir stendur langt og strangt ferli leyfisveitingar- og skipulagsmála, umhverfismat og jafnvel fjármögnun. Að gefnu tilefni vísa samtökin hér til upplýsingar til þeirra ábendinga og tækifæra til úrbóta í því ferli sem fram koma í skýrslu sem VSÓ ráðgjöf vann fyrir Samorku, SI og SA um málsmeðferð við leyfisveitingar og mat á umhverfisáhrifum.<sup>1</sup>

Það er mikil ábyrgð sem fylgir því að taka afstöðu til flokkunar virkjanakosta og hafa verður í huga þá stöðu sem nú blasir við í raforkuöryggi þjóðarinnar og áður er nefnd. Eitt af meginmarkmiðum verndar- og orkunýtingaráætlunar er að tryggja að virkjun orkulinda landsins verði áfram undirstaða efnahagslegrar og félagslegrar velferðar í íslensku samfélagi.

Ríki heims kappkosta nú við að skipta yfir í græna og endurnýjanlega orkugjafa svo unnt sé ná markmiðum um að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda og halda aftur af hlýnun jarðar. Evrópusambandið kom t.a.m. á fót upprunaábyrgðakerfi raforku til að skapa fjárhagslegan hvata til að vinna endurnýjanlega orku og flýta þannig fyrir orkuskiptum í Evrópu auk þess sem ýmis önnur stjórnþæki eru notuð í sama tilgangi innan Evrópu, s.s. skattaívilnanir, styrkjakerfi, niðurgreiðslur o.s.frv. Þessir hvatar eru nauðsynlegir í Evrópu þar sem framleiðsla raforku með endurnýjanlegum orkugjöfum er yfirleitt kostnaðarsamari en önnur óumhverfisvæn raforkuframleiðsla en sú er ekki raunin hér á landi. Ísland er land hreinnar orku þar sem miklir möguleikar eru á að knýja allt samfélagið og atvinnulífið með endurnýjanlegri raforku.

Jarðhræringar á Reykjanesi hafa einnig ógnað orkuöryggi þjóðarinnar. Mikil orkuvinnsla fer þegar fram á Reykjanesi auk þess sem fjöldi virkjunarkosta í nýtingarflokki rammaáætlunar eru á eldvirkum svæðum á Reykjanesi. Samtökin leggja áherslu á að raforkuvinnslu verði dreift um landið og að tryggt verði að virkjað verði utan eldvirkra svæða.

Samtökin telja ástæðu til að gera athugasemdir við að SA og SI hafi ekki fengið sérstakt boð um þátttöku í samráði um málið. Líkt og að framan er rakið er skipulag raforkumála ein af mikilvægustu stöðum samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs. Komi til skerðingar á raforkuafhengingu þá eru það einkum félagsmenn SI og SA sem verða fyrir slíkri skerðingu. Þá eru nú þegar fjölmörg dæmi um að vaxtaáætlanir fyrirtækja hafi ekki náð fram að ganga vegna núverandi stöðu raforkumála. Eru hagsmunir félagsmanna samtakanna því gríðarlega miklir í þessu máli. Vísast hér einnig til handbókar um undirbúning og frágang lagafrumvarps, frá árinu 2007<sup>2</sup>, þar sem ítrekað er mikilvægi þess að eiga samráð við hagsmunaaðila við gerð frumvarpa, sbr. m.a. kafli 4.3, bls. 10-11, og sér í lagi þegar um þýðingarmiklar breytingar er að ræða. Til marks um slíkar breytingar er á bls. 10 vísað til tilvika á við ef um nýja stefnumörkun er að ræða, sem horfir til breytinga á viðkomandi málefnasviði, nýjar skyldur eru lagðar á einstaklinga, atvinnulíf, sveitarfélög o.s.frv., réttindi framangreindra aðila eru

<sup>1</sup> <https://www.si.is/upplýsingar-og-utgafa/skyrslur-og-rit/malsmedferd-vid-leyfisveitingar-og-mat-a-umhverfisahrifum>

<sup>2</sup> [https://www.stjornarradid.is/media/forsætisraduneyti-media/media/utgefidefni/handbok\\_lagafrumvorp.pdf](https://www.stjornarradid.is/media/forsætisraduneyti-media/media/utgefidefni/handbok_lagafrumvorp.pdf)



**SAMORKA**

aukin eða þau skert og loks að fyrirhugaðar breytingar snerta marga. Óneitanlega eiga þessi sjónarmið að fullu við í máli þessu eins og að framan hefur verið rakið.

Að því sögðu fagna samtökin því að tillögur verkefnisstjórnar 5. áfanga rammaáætlunar staðfesti röðun Holtavirkjunar, Urriðafossvirkjunar og Skrokkölduvirkjunar í orkunýtingarflokk. Hvað varðar flokkun Kjalölduveitu og virkjunarkosta í Héraðsvötnum ítreka samtökin framangreind sjónarmið um raforkuöryggi og yfirvofandi orkuskort og telja mikilvægt að virkjunarkostir verði ekki flokkaðir í verndarflokk nema knýjandi rök liggi þar að baki.

### Virðingarfyllst,

F.h. Samtaka atvinnulífsins

Sigurður Helgason

F.h. Samtaka iðnaðarins

Lárus M. K. Ólafsson

F.h. Samorku

Katrín Helga  
Hallgrímsdóttir